

### Þingsályktun

#### um úrbætur í málum nýbúa og íslenskra barna sem dvalist hafa lengi erlendis.

Alþingi ályktar að beina því til menntamálaráðherra að:

1. Stuðla í auknum mæli að gerð kennsluefnis fyrir námsmenn af erlendum uppruna í sögu, landafræði, náttúrufræði og félagsfræði. Kennsluefnið verði á einföldu en góðu íslensku máli og til þess ætlað að auðvelda nemendum að tileinka sér annað kennsluefni í íslenskum skólum.
2. Beita sér fyrir eflingu sérstakrar íslenskukennslu fyrir nýbúa og íslensk börn sem hafa dvalist lengi erlendis.

*Samþykkt á Alþingi 6. maí 1994.*